

Samstarfssamningur Múlaþings og Samtakanna '78

Samstarfssamningur milli Múlaþings og Samtakanna '78 (kt. 450179-0439) um þjónustu Samtakanna '78 við sveitarfélagið Múlaþing, almanaksárin 2023-2025 með þeim skilmálum sem hér greinir:

Samtökin '78 veita Múlaþingi eftirfarandi þjónustu gegn ákveðnu fjárframlagi bæjarins fyrir hvern þjónustupátt sem hér neðar tilgreinir:

1. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla

a) Fyrsta ár þjónustusamningsins veita Samtökin '78 öllu starfsfólki grunnskóla fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk skóla hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í skólastarfi grunnskólanna. Fræðslan dreifist á nokkra daga, en ekki skulu fleiri en 25 starfsmenn í hverjum hóp sitja fræðsluna í hvert skipti. Samtals er samið um níu fræðsluerindi fyrir allt starfsfólk á árinu 2023, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Fyrir það erindi greiðir Múlaþing 448.200 kr.

b) Seinni tvö árin veita Samtökin '78 nýju starfsfólki grunnskólanna fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Sú fræðsla fer fram á einum degi á önn, árin 2024-2025 (síðari tvö á samningstímanum). Samtals fjögur fræðsluerindi á þeim tíma, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Múlaþing 199.200 kr. fyrir þau fræðsluerindi, eða 99.600 á ári, síðari tvö árin.

2. Fræðsla til nemenda grunnskóla

Samtökin '78 fræða ungmenni í Múlaþingi, þrjá árganga á ári (3. bekk, 6. bekk og 9. bekk). Fræðslan fer fram á skólatíma og er breytileg milli árganga, en gert er ráð fyrir 40 mínútum að hámarki í 3. bekk, 60 mínútur í 6. bekk og 80 mínútur í 9. bekk. Fræðslan er reglubundin einu sinni á ári. Fyrir þessi fræðsluerindi greiðir Múlaþing 373.500 kr. á ári.

3. Fræðsla til stjórnenda

Samtökin '78 fræða stjórnendur sem vinna hjá Múlaþingi. Fræðslan fer fram einu sinni á ári og er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Múlaþing 149.400 kr. á ári.

4. Ráðgjöf Samtakanna '78

Allir íbúar Múlaþings, fá aðgang að ráðgjöf Samtakanna '78 án endurgjalds. Múlaþing greiðir Samtökunum '78 70.378 kr. fyrir umrædda þjónustu á ári. Samtökin '78 hafa jafnframt möguleika að kynna umrædda þjónustu fyrir nemendum grunnskólanna í nemendafraeðslum.

5. Fræðsla til starfsfólk leikskóla

a) Fyrsta ár þjónustusamningsins veita Samtökin '78 öllu starfsfólki leikskóla fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk leikskólanna hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í skólastarfi leikskólanna. Fræðsluerindið dreifist á nokkra daga, en ekki skulu fleiri en 25 starfsmenn í hverjum hóp sitja fræðsluna í hvert skipti. Samtals er samið um fimm fræðsluerindi fyrir allt starfsfólk í leikskólum á árinu 2023, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Fyrir þau erindi greiðir Múlaþing 249.000 kr.

b) Seinni tvö árin veita Samtökin '78 nýju starfsfólki leikskólanna fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Sú fræðsla fer fram á einum degi á önn, árin 2024-2025 (síðari tvö á samningstímanum). Samtals fjögur fræðsluerindi á þeim tíma, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Múlaþing 199.200 kr. fyrir þau fræðsluerindi, eða 99.600 á ári, síðari tvö árin.

6. Fræðsla til félags- og frístundamiðstöðva

Samtökin '78 bjóða ungmennum í félagsmiðstöð eða frístundamiðstöð upp á fræðsluerindi, jafnframt er starfsfólki boðin fræðsla. Frætt er í hópum, ekki fleiri en 25 í hóp, ásamt því að starfsfólk er frætt saman, ráðgert er að hver fræðsla til ungmenna sé klst en til starfsfólks tvær klukkustundir. Einnig er starfsfólki boðið í vettvangsferð í hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78 ef þess gefst kostur. Fyrir þessa fræðslu greiðir Múlaþing 49.800 kr. á ári.

7. Fræðsla til þjálfara íþróttafélaga og starfsfólk íþróttamiðstöðvar

a) Fyrsta ár þjónustusamningsins veita Samtökin '78 öllu starfsfólki íþróttafélaga og íþróttamiðstöðvar Múlaþings fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk íþróttafélaganna hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í starfi íþróttafélaganna og íþróttamiðstöðvar. Fræðsluerindið dreifist á nokkra daga, en ekki skulu fleiri en 25 starfsmenn í hverjum hóp sitja fræðsluna í hvert skipti. Samtals er samið um fjögur fræðsluerindi fyrir allt starfsfólk íþróttafélaga á árinu 2023, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Fyrir þau erindi greiðir Múlaþing 199.200 kr. árið 2023.

b) Seinni tvö árin veita Samtökin '78 nýju starfsfólki íþróttafélaga fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Sú fræðsla fer fram á einum degi á önn, árin 2024-2025 (síðari tvö á samningstímanum). Samtals fjögur fræðsluerindi á þeim tíma, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Múlaþing 199.200 kr. fyrir þau fræðsluerindi, eða 99.600 á ári, síðari tvö árin.

8. Fræðsla til starfsfólk og stjórnendur í búsetu

Samtökin '78 fræða starfsfólk og stjórnendur í búsetu hjá Múlaþingi. Fræðslan fer fram einu sinni á ári og er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Múlaþing 149.400 kr. á ári. fyrir þau fræðsluerindi.

Annað

Fræðsla Samtakanna '78 er með vönduðustu hinseginfræðslu á Íslandi, byggir á gagnreyndum aðferðum, nýjustu rannsóknum og í góðu samráði við hinsegin fólk.



Í upphafi annar/árs skal liggja fyrir tillaga að skipulagi frá grunnskólum á fastri þjónustu Samtakanna '78 skólaárið fyrir hvert almanaksár. Verði aðstæður hjá Samtökunum '78 þess efnis að ekki næst að standa við alla þjónustubætti verður samningsupphæð næsta árs á eftir minnkuð sem því nemur.

Samtökin '78 senda í upphafi hvers árs reikning fyrir þjónustu skv. liðum 1-7 hér ofan.

Miðað er við það að samningurinn sé metinn einu sinni á ári og uppfærður út frá nýjum forsendum eftir því við á, en ávallt skal haldið í þriggja ára tímabil.

Ferðakostnaður er greiddur af verkkaupa, en leitast skal allra leiða til að hafa hann sem lægstan t.d. með því að Samtökin '78 fræði yfir styttri tíma og taki sem flestar fræðslur í hverri ferð.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og hefur hvor aðili um sig eitt eintak af honum.

Skipting greiðslna eftir ári



2023	1.688.878 kr.
2024	1.091.278 kr.
2025	1.091.278 kr.

Vottun og eftirfylgni

Þessi fræðslusamningur ber með sér afar umfangsmikla fræðslu til starfsfólks, barna og ungmenna í Múlapingi. Samtökin '78 munu bjóða upp á eftirfylgni ásamt því að vinna að vottun fyrir sveitarfélagið.

Undirritanir


Björn Ingimarsson, bæjstjóri Múlapingis

 Samtökin '78 - félag hinsegin fólks
Suðurgötu 3 • 101 Reykjavík
Kennitala: 450179-0439

Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78